

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

6. fundur.

Sjötti fundur nefndarinnar var haldinn í Gagnfræðaskólanum í Keflavík, föstudaginn 12. mars, 1976.

Mættir voru; Gunnar Sveinsson, Ingólfur Halldórsson, Rögnvaldur Sæmundsson, Jón Hólmgeirsson, Hreinn Ásgrímsson og Brynjar Pétursson, varamaður Sandgerðis. Gestur fundarins var Helgi Jónasson fræðslustjóri Reykjanesskólans.

Formaður setti fund og bauð fræðslustjóra velkominn til fundarins. Aðalefni fundarins var endursamning samningsuppkasts þess, er menntamálaráðuneytið lagði fram þann 17. febrúar s.l.

All miklar umræður urðu um það hvort stofna skyldi formlega fjölbrautaskóla fyrir skagann, eða fylgja þeim línum er fram koma í áðurnefndu samningsuppkasti. Fræðslustjóri kvaðst fyllilega skilja sjónarmið nefndarinnar og eftir að hafa heyrt röksemdir þeirra væri hann því fylgjandi að stofnaður yrði sérstakur fjölbrautaskóli í Keflavík.

Þó kvaðst hann telja að mörgu leyti skynsamlegra að láta fjölbrauta- og iðnskóla starfa saman innan sama skólakerfis án þess þó að þeir verði formlega sameinaðir í einn skóla.

Helgi kvað fyrirkomulagið vera þannig í Hafnarfirði, að iðnskólinn og Flensborgarskóli (sem er fjölbrautaskóli) væru aðskildar stofnanir, en iðnnámið væri felld undir kostnaðarreglur fjölbrautaskóla að svo miklu leyti sem ekki væri um hreint sérnám innan iðnaðarins að ræða.

Helgi taldi ástæðuna fyrir því að ráðuneytið virtist vera andsnúið stofnun nýrra fjölbrautaskóla vera þá, að menn væru uggandi um að námskrár og námsmarkmið færu ú skorðum, þar sem skólakerfi þetta væri ennþá í mótun.

Næst ræddu menn kostnaðarhlið þá, sem stofnun skólans mun fylgja. Ekki hafa verið gerðar neinar kostnaðar áætlanir enda erfitt um vik þar sem svo margir veigamiklir þættir málsins eru enn óljósir.

Samningsuppkastið var því næst tekið til umræðu. Var það ýtarlega rætt og endursamið. ~~Í samráði við fjölbrautaskólann~~ (sjá Var samþykkt að leggja eftirfarandi samningsuppkast fram á næsta fundi nefndarinnar með forsvarsmönnum menntamálaráðuneytisins (sjá fylgiskjal). Varð þó að samkomulagi að fræðslustjóri færi og kynnti samninginn áður en af fundi verður.

Helga var falið að fá Kristján Bersa Ólafsson, skólameistara Flensborgarskóla til viðræðna við nefndarmenn um ýmsa þætti þessa máls.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 19⁰⁰.

Fundarritari. Hreinn Ásgrímsson.